

Selfoss, nr. 510 frá 23. okt. 1991 og gjaldskrá Rafveitu Eyrarbakka, nr. 503 frá 29. október 1991, og Rafveitu Stokkseyrar, nr. 555 frá 19. nóvember 1991, með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 30. október 1992.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Steinunn Bjarman.

Nr. 389

30. október 1992

GJALDSKRÁ

Selfossveitna bs.

Afnot af heitu vatni.

I. Heitt vatn.

Selfossveitur bs. selja afnot af heitu vatni á veitusvæðum Hitaveitu Eyra og Hitaveitu Selfoss á þann hátt og við því verði sem hér segir:

<i>Á veitusvæði Hitaveitu Eyra:</i>	Án VSK	Með VSK
HE.1 Heitt vatn um rennismæli	64.47 kr/m ³	80.27 kr/m ³

Á veitusvæði Hitaveitu Selfoss:

HS.1 Heitt vatn um rennismæli	40.85 kr/m ³	50.85 kr/m ³
HS.2 Heitt vatn um vatnsskammtara	11.203.50 kr/mín.l.	13.948.36 kr/mín.l.

Minnsta magn vatns um vatnsskammtara sé:

Fyrir íbúðar- verslunar- og skrifstofuhúsnæði: 0,8 mín.l./100 m³

Fyrir iðnaðarhúsnæði: 0,5 mín.l./100 m³

H.2 Heitt vatn til almenningsundlauga í eigu sveitarfélaga:

Sumar; 01.05–30.09:	20.45 kr/m ³
Vetur; 01.10–30.04:	24.51 kr/m ³

Ef vatnsmælir bilar, er Selfossveitum bs. heimilt að áætla vatnsnotkun með hliðsjón af fyrri notkun og/eða hitaþörf húsnæðis.

II. Mælagjald.

Selfossveitur bs. ákvarða stærð mæla og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann.

Jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkunina skal innheimta fast gjald, mælagjald, fyrir hvern mæli/vatnsskammtara. Mælagjaldið skal innheimt mánaðarlega ásamt gjaldi fyrir afnot af heita vatninu. Mælagjaldið er eftirfarandi:

<i>Á veitusvæði Hitaveitu Eyra</i>	Án VSK	Með VSK
Fyrir mæla allt að ¾“	7.973.28 kr/ár	9.926.73 kr/ár
Fyrir mæla frá 1“ að 2“	15.926.40 kr/ár	19.828.37 kr/ár

Á veitusvæði Hitaveitu Selfoss

Fyrir mæla allt að ¾“	5.365.50 kr/ár	6.680.05 kr/ár
Fyrir mæla frá 1“ að 2“	7.542.15 kr/ár	9.389.98 kr/ár

III. Ýmis ákvæði.

Hitaveitugjöld skv. I. og II. verða krafín mánaðarlega samkvæmt áætlun. Við gerð áætlunar um vatnsnotkun skal stuðst við sannreynda notkun ársins á undan. Í desember ár hvert skal lesið af mælum og á grundvelli þess álestrar gera upp við sérhvern notanda.

Veitustjóri getur heimilað notanda að senda inn eigin álestur á áætlunartímabilinu.

Starfsmönnum Selfossveitna bs. skal hvenær sem er frjálts aðgangur að öllum mælum, hitagjöfum og vatnsæðum sem eru í sambandi við dreifikerfi hitaveitu.

Selfossveitur bs. hafa rétt til að stöðva orkuafhendingu úr veitukerfi að húsveitu, hafi notandi viðkomandi húsveitu vanrækt að greiða orkugjöld samkvæmt reikningi þar um. Fyrirætlun um stöðvun orkuafhendingar ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá sem vanskilum veldur samkvæmt taxta þar um.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

IV. Heimæðargjald.

Heimæðargjöld skal reikna af öllu húsrými (heildarrúmmál bygginga) á lóð. Heimilt er að undanskilja sérstakar byggingar aðrar en bifreiðageymslur. Heimæðargjald, miðað við tiltekið rúmmál húsa, er sem hér segir:

	Án VSK	Með VSK
Allt að 400 rúmmetrum (m ³)	64.448.00 kr	80.237.76 kr
hver m ³ yfir 400 að 2000 m ³	55.13 kr/m ³	68.64 kr/m ³
Fyrir 2000 m ³	151.473.00 kr	188.583.89 kr
hver m ³ þar yfir	45.68 kr/m ³	56.87 kr/m ³

Heimæðargjald skal greitt fyrir hverja heimæð er tengir húsveitu við veitukerfið. Heimæðargjaldið skal vera greitt áður en tenging fer fram.

Séu fleiri en eitt hitunarkerfi tengt við heimæðina með mælum frá hitaveitunni, skal greiða aukagjald fyrir hvern mæli umfram hinn fyrsta. Aukagjaldið er eftirfarandi:

Gjald fyrir aukamæli	12.516.00 kr/mæli	15.582.42 kr/mæli
--------------------------------	-------------------	-------------------

V. Önnur gjöld og ákvæði.

Gjald fyrir greiðslu kostnaðar vegna

vanskilainnheimtu og undirbúningu að lokun	450.00 kr	560.00 kr
Gjald fyrir enduropnun húsveitu	1.365.00 kr	1.699.00 kr
Aukaálestur	546.00 kr	680.00 kr
Skiptigjald, úr vatnsskammtara í mæli	2.047.50 kr	2.549.14 kr

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða skal greiða heimæðargjald samkvæmt kostnaðarreikningi.

Selfossveitum bs. er heimilt að reikna dráttarvexti á vangoldna reikninga fyrir afnot á vatni eins og dráttarvextir eru ákveðnir á hverjum tíma, enda hafi tilkynning um beitingu dráttarvaxta verið send notanda, eða honum gerð grein fyrir beitingu þeirra á annan hátt.

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 59 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. október 1992 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá Hitaveitu Eyra, nr. 360 frá 26. júlí 1991, og gjaldskrá Hitaveitu Selfoss, nr. 572 dagsett 3. desember 1991.

Iðnaðarráðuneytið, 30. október 1992.

F.h.r.

Jón Ingimarsson.

Steinunn Bjarmann.